

Félagsmálaráðuneytið

Minnisblað

Viðtakandi: **Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis**
Sendandi: **Félagsmálaráðuneytið**
Dagsetning: **17.12.2021**
Málsnúmer: **FRN21050168**
Bréfalykill: **02.10.01**

Efni: Áhrif frítekjumarks aldraðra

Á fundi efnahags- og viðskiptanefndar þann 15. desember sl. var ákveðið að óska eftir minnisblaði frá fjármála- og efnahagsráðuneyti þar sem fram kæmi hver ábatinn af tvöföldun frítekjumarks atvinnutekna upp í 200 þús. kr. dreifist eftir tekjutiundum og kyni. Auk upplýsinga um það hvernig ábatinn af tvöföldun almenna frítekjumarksins upp í 50 þús. kr. á mánuði myndi dreifast eftir tekjutiundum og kyni. Erindinu var síðan beint til félagsmálaráðuneytis.

Félagsmálaráðuneytið hefur í samstarfi við Tryggingastofnun ríkisins lagt gróft mat á þessi áhrif eftir tekjutiundum og kyni. Tölur fyrir önnur kyn eru ekki tilgreindar þar sem um of fáa einstaklinga er að ræða til að birta gögn.

Niðurstöðurnar miða við hlutfallslega skiptingu ársins 2019, en það ár er að fullu uppgert og heimsfaraldur hefur áhrif á atvinnustig aldraðra eins og annarra. Fjárhæðir byggja á áætlun ársins 2021 og að um 39.504 einstaklinga sé að ræða, sem er núverandi fjöldi ellilífeyrisþega hjá TR. Hér er ekki lagt mat á hegðunarbreytandi áhrif þessara aðgerða, þ.e. hvort fleiri eða færri myndu sækja vinnu o.s.frv.

Kostnaður ríkissjóðs við tvöföldun frítekjumarks atvinnutekna úr 100.000 í 200.000 er áætlaður um 560 m.kr. og gagnast um 1300 einstaklingur eða 3% aldraðara sem eru á skrá TR. Þar eru flestir í efstu tekjutiundunum og þriðjungur konur.

Kostnaður ríkissjóðs við tvöföldun almenna frítekjumarksins úr 25.000 í 50.000 er áætlaður um 5 ma.kr. og talinn gagnast um 35 þúsund einstaklingum eða 89% aldraðara sem eru á skrá TR. Aðgerðin dreifist á allar tekjutiundir og kynjaskipting í samræmi við kynjaskiptingu þýðisins. Hæsta tíundin fær hlutfallslega minnsta ávinninginn. Þá er einnig minna til fyrstu tíundar, en þar er gjarnan fólk með minna en 75% búseturéttindi. Þeir sem ekki njóta ávinnings eru þeir sem ekki hafa neinar aðrar tekjur.

Neðangreind tafla sýnir hlutfall eftir tekjutiundum.

Tíund	Hlutfall karla	Hlutfall kvenna	Efri mörk tekna þús.kr. á mánuði	Meðal-tekjur þús. kr. á mánuði	þarf af greiðslur frá TR	Hækkun fritekjumarks atvinnutekna				Hækkun almenna fritekjumarksins			
						Hlutfall sem fær ávinning	Fjöldi sem fær ávinning	þarf af karlar	þarf af konur	Hlutfall sem fær ávinning	Fjöldi sem fær ávinning	þarf af karlar	þarf af konur
1	34%	65%	295	256	197	0,2%	9	38%	63%	67%	2.660	34%	65%
2	33%	67%	321	309	226	0,0%	-			92%	3.648	33%	67%
3	42%	58%	346	334	224	0,2%	9	75%	25%	91%	3.607	42%	58%
4	42%	58%	366	356	229	0,1%	2	50%	50%	98%	3.867	42%	58%
5	44%	56%	387	376	222	0,5%	18	59%	41%	99%	3.919	44%	56%
6	47%	53%	413	400	201	1,1%	42	54%	46%	99%	3.924	47%	53%
7	49%	51%	448	430	176	2,3%	90	65%	35%	100%	3.934	49%	51%
8	47%	53%	496	471	141	5,7%	227	62%	38%	100%	3.940	47%	53%
9	52%	48%	574	530	84	10,1%	400	68%	32%	100%	3.947	52%	48%
10	62%	38%	8.320	847	30	12,2%	483	70%	30%	40%	1.571	67%	33%
Samtals:	45%	55%				3%	1.279	67%	33%	89%	35.018	45%	55%